



MÝVATN

# Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

## 69. fundur.

að Hlíðavegi 6, 26. janúar 2006, kl. 13:30.

**DAGSKRÁ:**

1. Fundarsetning.
2. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2006.
3. Fasteignagjöld reglur um afslátt.
4. Bréf frá Verkalýðsfél. Húsavíkur, beiðni um endurskoðun á kjarasamningi.
5. Bréf frá Almennu lögbjónustunni f.h. Keahótel, þar sem óskað er eftir endurmati á sorphirðugjaldi.
6. Fundargerð skólanefndar frá 23.jan.

Til kynningar.

Fundargerð Eypings frá 11.jan. 2006.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 6. yrði bætt á dagskrána.

### 2. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2006.

Eftirfarandi innheimtulistu lagður fram.

Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2006		2006
fyrirtæki	flokkur	
Dekkjaverkstæðið Ytri-Neslöndum	a	13.900
Dyngjan	a	13.900
Haganes, veiðihús	a	13.900
Léttsteypan	a	13.900
Mývatnsmarkaður	a	13.900

Víkurnes, hópferðapjónusta	a	13.900	<b>83.400</b>
Mýflug	b	38.100	
Reykhúsið Geiteyjarströnd	b	38.100	
Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli	b	38.100	
Skútustaðir 2b, gisting-tjöldun, reykhus	b	38.100	
Sparisjóður S-Þingeyinga	b	38.100	
Zanzibar	b	38.100	<b>228.600</b>
Ferðapjónustan Bjargi	b	38.100	
Vogafjós	b	38.100	
Vogabændur	b	38.100	
Eldá	c	69.300	
Ferðapjónustan Hlíð	c	69.300	
Hótel Reykjahlíð	c	69.300	
Náttúruböðin	c	69.300	
Skútustaðahreppur, áhaldahús	c	69.300	
Stöng, ferðapjónusta	c	69.300	
Veiðihús í landi Hofstaða	c	69.300	
Landsvirkjun v/Kísilliðju	c	69.300	<b>668.700</b>
Hótel Reynihlíð	d	127.000	
Lykilhótel	d	127.000	
Mývatn ehf	d	127.000	
Skjólbrekka, félagsheimili	d	127.000	
Skútustaðahreppur, grunnskóli	d	127.000	
Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð	d	127.000	
Sniðill	d	127.000	<b>889.000</b>
Sauðahellir ehf	f	375.400	
Kröfluvirkjun	f	375.400	<b>750.800</b>
samt. fyrirtæki			<b>2.620.500</b>
alm. gjald	152	13.900	<b>2.112.800</b>
samtals alls			<b>4.733.300</b>

Samþykkt samhljóða.

### 3. Fasteignagjöld reglur um afslátt.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum sem er í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar.

## Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2006.

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1955, með síðari breytingum. 0,63% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 0,44% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 7,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2006. Gjaldalagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2006, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

### 100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að	kr. 1.560.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að	kr. 2.180.000-

### 80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að	kr. 1.560.000- til kr. 1.790.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að	kr. 2.180.000- til kr. 2.440.000-

### 50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að	kr. 1.790.000- til kr. 2.080.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að	kr. 2.440.000- til kr. 2.910.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt **staðfestu afriti af skattaframtali 2006** og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

### Sorphirðugjöld:

- A.) Íbúðir  
Sorphirðugjald kr. 13.900- á íbúð
- B.) Fyrirtæki.  
Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.  
Flokkur a) kr. 13.900-  
b) kr. 38.100-  
c) kr. 69.300-  
d) kr. 127.000-  
e) kr. 248.300-  
f) kr. 375.400-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2006, sem heimilt er samkv. lögum.

**Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.**

Samþykkt samhljóða.

#### **4. Bréf frá Verkalýðsfél. Húsavíkur, beiðni um endurskoðun á kjarasamningi.**

Borist hefur erindi frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur þar sem óskað er eftir viðræðum við sveitarfélögin á svæðinu um endurskoðun á kjarasamningi í kjölfar nýs kjarasamnings sem Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerði við stéttarfélagið Eflingu. Verkalýðsfélag Húsavíkur telur að sá samningur sé umtalsvert betri en kjarasamningur sem undirritaður var 29. maí 2005. Launanefnd sveitarfélaga fer með samningsumboð fyri Skútustaðahrepp. Á launamálaráðstefnu sveitarfélagana sem haldin var 20. jan. s.l. var opnað á þann möguleika að sveitarfélögin hvert fyrir sig gerðu samskonar samninga og Reykjavíkurborg hefur þegar gert. Samþykkt að verða við erindinu og að oddviti taki þátt í viðræðunum.

#### **5. Bréf frá Almennu lögpjónustunni f.h. Keahótels, þar sem óskað er eftir endurmati á sorphirðugjaldi.**

Borist hefur erindi þar sem óskað er eftir endurmati á sorphirðugjaldi Keahótels sem leigir húsnæði Lykilhótels á Skútustöðum, á þeirri forsendu að hótelið sé einungis opið yfir sumartímann en flokkist með fyrirtækjum sem opin eru allt árið. Sveitarstjórn raðar fyrirtækum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra en ekki eftir því hvort opið er allt árið eður ei. Þar fyrir utan kemur fram í handbókinni “Ísland árið um kring” sem Ferðamálastofa gefur út að hótelið sé opið allt árið. Erindinu er hafnað.

#### **6. Fundargerð skólanefndar frá 23.jan.**

Fyrstu 6 liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við. Varðandi lið 7 þá bendir sveitarstjórn á bókun 61. fundar 15. sept. 2005.

#### **Til kynningar.**

#### **Fundargerð Eypings frá 11.jan. 2006.**

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir  
Jón Óskar Ferdinandsson  
Kristján Stefánsson  
Birkir Fanndal  
Böðvar Pétursson